


Einkenni á tali og rödd tengd parkinsonssjúkdómnum

Pórunn Hanna Halldórsdóttir
Yfirtalmeinafræðingur
Reykjalundi


Raddböndin

Copyright © The McGraw-Hill Companies, Inc. Permission required for reproduction or display.



(b) Laryngoscope view

Að mynda rödd



Algengi radd- og talmeina

- Rannsóknir benda til að allt að 90% allra parkinsonssjúklinga finni fyrir breytingum á rödd og tali
 - Mismikil (lítil til veruleg áhrif á tjáskipti)
 - Koma fram á mismunandi tíma í sjúkdómsferlinu


Ástæða taltruflunar í PS

- Truflun á hreyfistýringu og skynúrvinnslu vegna skemmda í heilastofni (djúphnoð - basal ganglia).
- Ekki einfalt samband á milli dópamín-skorts og taltruflunar. Þar af leiðandi virka parkinsonlyfin ekki jafnvel á talið og einkenni í útlimum.

Ljósmyndir



Eðlileg raddbönd



Raddbönd á
parkinsonssjúklings
“hjólbeinótt” raddbönd

Áhrif parkinson á talfærin


- „Hjólbeinótt“ raddbönd
- Raddbönd hreyfast ekki eðlilega
- Stífleiki í barkakýlis- og öndunarvöðvum
- Skert samhæfing
- Stífleiki og skert hreyfisvið í talfærum

Algengustu einkennin

- Minnkaður raddstyrkur
- Hás eða ráms rödd
- Blæbrigðaleysi raddar (eintóna)
- Ónákvæmur framburður
- Raddskjálfti
- Hraðanir
- Hökt eða stam

Hvað tala ég hátt?

Raddstyrkur Parkinsonsjúklinga



Meðferð

Áhrif læknisfræðilegrar meðferðar s.s.
lyfja og skurðaðgerðar misjöfn

Viðurkenndasta meðferðin er
talþjálfun með einstaklingsmiðaðri
lyfjagjöf

Markmið talþjálfunar

1. Bæta skýrleika tals með því að auka raddstyrk.

Náð með kraftmiklum raddæfingum sem bæta raddbandalokun, öndunarstuðning og framburð.

2. Endurstilla skynjun á eigin raddstyrk.

Náð með sífelldri endurgjöf og áminningum frá umhverfi

3. Breyta heilastarfsemi við tal þannig að hún líkist heilastarfsemi hjá fólki sem ekki hefur parkinsonssjúkdóm.

Að tala lágt og tala hátt...

Veikari
boð frá
heila



LÁGT



Sterkari boð
frá heila



HÁTT

Að tala hátt...

- Meira loft = meiri kraftur
- Betri raddbandalokun = styrkari rödd
- Stærri hreyfingar talfæra = skýrari framburður
- Að auki...hægir á tali

Ef taltruflun háir ykkur...

Leita aðstoðar talmeinafræðings
– ekki bíða eftir að talið versni!

Nokkrar góðar heimaæfingar

- Andlitsæfingar
- Telja upphátt
- Fara með runur eða vísur
- Lesa upphátt – hátt og snjallt!
- Syngja

Og alltaf að nota kraftmikla rödd

OG MUNDU...

....ef fólk hváir þá er það ekki endilega af því að það er að missa heyrnina....

... BRÝNDU RAUSTINA!

